

Bókasafn Grindavíkur, starfsárið 2019

Bókasafns Grindavíkur, Ásabraut 2

netfang: bokasafn@grindavik.is

veffang: www.grindavik.is/bokasafn

Afgreiðslutími:

Safnið er opið frá 8-18 alla virka daga.

Afgreiðslutíminn var svo frá 12.30-18.00 yfir sumarmánuðina, en hefðbundinn opnun tók við 23. ágúst og var safnið opið í alls 247 daga.

Húsnæði:

Safnið er í 443m² húsnæði á jarðhæð, auk geymslu í kjallara.

Tölvukerfi:

Bókasafnskerfið er Gegnir, Landskerfi bókasafna.

Rafrænn aðgangur:

Bókasafnið tekur þátt í rekstri landsaðgangs að rafrænum gögnum á leitir.is, auk þess að hafa þrjár borðtölvur og spjaldtölvur í boði fyrir lánþega sem vilja skoða/lesa rafræn rit.

Bókasafnið er einnig hluti af rafbókasafninu, rafrænu samlagssafni allra bókasafna landsins, sem gefur notendum okkar möguleika á að fá lánaðar bækur rafrænt til að lesa á spjaldtölvum, sínum eða lesbrettum ýmiskonar. Safnið á eitt lesbretti til að lána út.

Rekstrartölur:

Fjárhagsáætlun 2019 hljóðar upp á útgjöld fyrir 42.447.9939 kr.

Starfsfólk:

Forstöðumaður, Andrea Ævarsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, var í 100% stöðu.

Guðbjörg Ásgeirsdóttir var í 70% stöðu og Árdís Sigmundsdóttir í 100% stöð til 31. maí.

Sigríður Ómarsdóttir var ráðin í stað Árdísar frá og með 12. ágúst. Dóra Dís Hjartardóttir, aðstoðarmaður er í 25% stöðu, á vegum „Atvinnu með stuðningi“ (stöðugildið heyrir ekki undir safnið).

Tölulegar upplýsingar – lykiltölur fyrir árið 2019: (tölur frá síðasta ári í sviga)

Afgreiðslutími var 54 klst á viku, nema á tímabilinu 1. júní til 23. ágúst, en þá var opið í 27,5 tíma á viku.

Fjöldi lánþega með gild skírteini við árslok 2019 voru 913 (879).

Heimsóknir voru um 8.600 (8.572) sem er á pari við árið 2018.

Fjöldi skráðra eintaka í Gegni við árslok voru 35.045 (33.263).

Útlán safnsins voru alls 44.992 (45.769). Inn í þessari tölu eru einnig útlán á námsbókum og spjaldtölvum til nemenda. Þessi munur á útlánum á milli ára er eingöngu vegna þess að á skólaárinu 2019 var ákveðið að útlán á spjaldtölvum í skólanum yrðu ekki lengur frjáls. Árið 2018 voru tæki lánuð út 19.741 sinnum en 18.735 sinnum árið 2019.

Þetta þýðir að hver lánþegi fékk að meðaltali 49 (52) gögn að láni á árinu 2019.

Helstu viðburðir ársins:

Dagskrá ársins var að vanda fjölbreytt

Í menningarvikunni var námskeið í Macramé á vegum Ninnu Stefánsdóttur. Námskeiðið var mjög vel sótt.

Í apríl var haldinn aðalfundur SFA – Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna haldin í Kvikunni – Menningarhúsi í Grindavík og þar söfnuðust saman flestir forstöðumenn almenningsbókasafna á landinu. Margir metnaðarfullir fyrirlestrar voru haldnir og almenn ánægja var með fundinn.

Sumarlesturinn hófst að venju eftir að skóla lauk í júní og stóð hann til 16. ágúst. 82 börn tóku þátt og lásu samtals 312 bækur. Þetta var betri þátttaka en 2018 og vorum við að vonum ánægðar með það.

9. september var bókasafnsdagurinn haldinn á landsvísu og var ákveðið að hafa sektarlausan dag. Það var ágætlega auglýst og skiluðu margir bókum sem voru komnar með dágóða sekt. Vonandi verður þetta árlegt, því svona innheimtast oft bækur sem lánþegar hafa ekki þorað að skila vegna gleymsku sinnar.

Í heilsu- og forvarnarvikunni í september bauð bókasafnið upp á jógatíma frá 16:30-17:30.

Sirry Arnardóttir kom með fyrirlestur um bók sína „þegar kona brotnar“ til okkar í byrjun október og var hann vel sóttur. Fyrirlesturinn fjallar um hvernig konur sem upplifa kulnun eða örmögnun og hvernig þær komust til bata á ný.

Í desember héldum við skemmtilega keppni og buðum nemendum upp á að hanna og lita „ljóta jólapeysu“. Þátttakan var þokkaleg og völdum við að lokum þrjá nemendur hverra peysur skoruðu fram úr. Það voru þeir Viktor Örn í 10. bekk, Einar Valur í 6. GD og Jón Steinar í 6. GD sem hlutu verðlaun hjá okkur.

Sigríður Etna Marinósdóttir kom til okkar 11. Desember og las upp úr bók sinni „Etna og Enok hitta jólasveinana“.

Vefur safnsins og facebook-síða:

Vefur bókasafnsins, www.grindavik.is/bokasafn er upplýsingaveita safnsins ásamt Facebook-síðu. Safnið er einnig komið á pinterest, instagram og snapchat.

Önnur þjónusta:

Safnið veitir upplýsingaþjónustu, auk þess að fá efni í millisafnaláni.

Lánum bókakassa í skip.

Leikskólar og yngri bekkir grunnskólans koma á safnið – þau fá stutta kynningu og kannski lítil verkefni, en þau yngstu koma til að venjast safninu og skoða bækur. Leikskólarnir fá einnig lánaða bókakassa til að auka við úrvalið hjá sér.

Kerfisleg þjónusta við lánþega: sendar eru viðvaranir, í netpósti eða sms og svo aftur þegar gögn eru komin í vanskil, þrisvar sinnum.

Samstarfssöfn og félög:

Landskerfi bókasafna, (með öll Gegnissöfnin) – forstöðumaður sækir aðalfund.

Alefli – félag notenda hjá Landskerfi – forstöðumaður sækir árleg ráðstefnu og aðalfund.

Samstarf almenningsbókasafna á Suðurnesjum – forstöðumaður sækir fundi eftir þörfum.

Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna, SFA – forstöðumaður sækir fundi vor og haust.

Upplýsing - félag bókasafns- og upplýsingafræða – forstöðumaður sækir landsfund annað hvert ár og ráðstefnu á vegum félagsins hitt árið.

Félag fólks á skólasöfnum heldur fundi óreglulega og sækir forstöðumaður þá fundi.

Nýlega var stofnaður félagsskapur skólabókasafna á Suðurnesjum og sækir forstöðumaður þá fundi.

Grindavík, 14. maí 2020

Andrea Ævarsdóttir, forstöðumaður.